

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

35. fundur Stjórnar BS. bs. haldinn Mánudaginn 15. október 2018

kl. 08:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. Hringbraut 125

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

#### 1. Drög að samningi við Ístak.

- Jón greindi frá fundi sem stjórnendur áttu með forsvarsmönnum Ístaks hf. varðandi byggingu á nýrri slökkvistöð. Þar kom fram að þeir áætla verklok 11 mánuðum eftir að verkið er hafið, eða fyrir 1. október 2019.
- Stjórn samþykkir heimild til Slökkviliðsstjóra og formann stjórnar bs til að ganga frá samningi við Ístak hf.
- Stjórn samþykkir að veita slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar BS.bs. heimild til að hefja sölufjerli á fasteign félagsins við Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

#### 2. Lántaka.

- Stjórn staðfestir fyrri heimild slökkviliðsstjóra og formanns stjórnar BS. bs. til að ganga frá samningum við Lánasjóð sveitarfélaga.

#### 3. Staða fjármála.

- Rekstur skv. áætlun að mestu leiti en launaliðir yfir áætlun vegna áfalla í starfsmannahaldi.

#### 4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

- Það er nú orðið ljóst að afhending á nýjum slökkvibíl tefst a.m.k um 8 vikur og verður til afhendingar í fyrsta lagi í lok nóv. Þann 13. nóvember fara þeir Sigurður Sk. og Davíð Heimisson til verksmiðju WISS í Póllandi til þess að fara yfir lokafrágang bílsins.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

- Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs er vel á veg komin og verður væntanlega lögð fyrir næsta stjórnarfund. Í því ljósi að Ístak hafa áætlun um að ljúka byggingu slökkvistöðvar fyrir en áætlanir gerðu ráð fyrir, þarf að gera ráð fyrir kaupum á húsgögnum og tækjum í líkamsræktarsal á næsta ári en áætlanir höfðu gert ráð fyrir að það væri gert á árinu 2020.
- Slökkviliðsstjóra veitt heimild til að leita tilboða í nýjar tryggingar félagsins.

5. Önnur mál. Engin önnur mál.

**Fundi slitið kl. 09:10**